



# 4. bekkur

2024-2025

Handbók



Flataskóli

## Efnisyfirlit

Sýn Flataskóla.....	3
Kennarar árgangsins.....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	4
Námsmenningin sem við ætlum að skapa .....	4
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	5
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar.....	5
Kennslustundir og námsgreinar .....	5
Helstu viðfangsefni nemenda.....	5
Unnið með góð samskipti.....	5
Vinna með skólareglur.....	6
Stundaskrá.....	7
Heimanám .....	7
Náms og skemmtiferðir.....	7
Vinabekkir.....	7
Skólasókn og viðbrögð.....	7
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	8
Starfsáætlun Flataskóla .....	8
Skóladagatal .....	8
Tilkynningar um forföll nemenda.....	8
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti.....	8
Námsáætlun skólaársins.....	9
Hæfnimiðað nám.....	9
Námsmat .....	9
Skipulag kennslunnar .....	9
Námsáætlun .....	9

## Sýn Flataskóla

*“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa.”*

Áhersla á S-in fimm **seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd** eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

## Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Bryndís Rut Stefánsdóttir	umsjónarkennari
Nína Jenný Kristjánsdóttir	umsjónarkennari
Ragna Gunnarsdóttir	umsjónarkennari
Íris Björk Baldursdóttir	Sérkennari og ÍSAT-kennari
Thelma Dögg Einarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Justyna Diana Zmarzly	stuðningsfulltrúi
Linda Þorvaldsdóttir	myndmennt
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	Heimilisfræði og ÍSAT-kennari
Rut Ingólfsdóttir Blurton	smíði
Helga Kristjánsdóttir	sköpun
Atli Jóhannesson	íþróttir/sund
Hannes Ingi Geirsson	íþróttir/sund
Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir	íþróttir
Erla Björg Káradóttir	tónmennt

## Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

### **Námsmenningin sem við ætlum að skapa**

Velliðan og öryggi eru forsendur fyrir því að nám barna eigi sér stað. Við leitumst því við að skapa notalegt umhverfi og vinsamlegt andrúmsloft svo allir nemendur finni þar frelsi til að vera þeir sjálfir og finni til öryggis og ánægju. Við byrjum alla daga og endum á afar svipaðan hátt og höldum rútinu. Markmið og leiðir ásamt uppbyggjandi leiðsögn hvetur nemendur til dáða, eykur sjálfstraust þeirra, ýtir undir jákvæða sjálfsmynd og eflir sjálfstæði. Hæfniviðmið og námsmarkmið verða sýnileg í skólastarfinu til þess að nemendur viti að hverju er stefnt hverju sinni. Þannig eflum við sjálfstæð vinnubrögð og metnað nemenda. Við hvetjum nemendur til að hafa áhrif á eigið nám með því að skipuleggja vinnuna sína og bjóðum val um fjölbreyttar námsleiðir svo skapandi hugsun fá sín notið. Við styðjum við nemendur og veitum þeim námsefnið við hæfi, hvetjum þau til að kafa dýpra og gefast ekki upp þó á móti blási heldur sýna seiglu og halda áfram að reyna. Með markvissu hópastarfi þjálfast nemendur í tillitssemi, umhyggju fyrir öðrum og temja sér sáttfýsi og samkennd. Haldnir verða stofufundir þar sem markvisst verður unnið með tilfinningar, samskipti, kurteisi og virðingu með það að leiðarljósi að þjálfa sjálfstjórn.

### **Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu**

Einkunnarorð Flataskóla eru menntun, árangur og ánægja og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi árgangsins. Við viljum leiðbeina nemendum að setja sér markmið í námi, kynna þeim fjölbreyttar leiðir og hvetja til seiglu. Við viljum að árangur nemenda endurspeglis meðal annars í metnaðarfullu starfi og trú á eigin getu. Við viljum skapa traust og vinsamlegt andrúmsloft til að stuðla að velliðan, öryggi og ánægju allra.

### **S-in fimm**

Seigla, samkennd, sjálfstæði, sjálfstjórn og skapandi hugsun eru hugtök sem við munum vinna með og verða fléttuð inn í öll viðfangsefni og samskipti. Innan Flataskóla ganga þessi hugtök undir nafninu s-in fimm. Ef nemendur ná að tileinka sér seiglu, samkennd, sjálfstæði, sjálfstjórn og skapandi hugsun aukast líkurnar á að þeir sjái gagn í menntun sinni, að þeir nái betri árangri og upplifi aukna ánægju á skólalagöngu sinni.

### **Samskipti kennara við foreldra**

Nám, velferð og velliðan nemenda er sameiginlegt hlutverk heimila og skóla og því mikilvægt að samskipti séu opin og upplýsandi. Það hefur jákvæð áhrif, bæði á líðan barna og námsárangur þeirra, séu foreldrar virkir þátttakendur í náminu. Það er því mikilvægt að kennarar fái að vita af því verði stórar breytingar í lífi barnanna sem ætla má að hafi áhrif á tilfinningar þeirra.

Kennarar senda vikulega fréttabréf til forráðamanna með það að markmiði að upplýsa um það sem framundan er, veita innsýn í það sem á undan er gengið og koma á framfæri öðrum mikilvægum upplýsingum er varða nám barnanna og skólastarf almennt.

Á haustmánuðum verður foreldrum boðið í heimsókn þar sem nemendur kynna skólastarf vetrarins.

Nemenda- og foreldraviðtöl eru að jafnaði tvisvar sinnum á vetri, í október og janúar, oftast ef þörf er á.

Þar fyrir utan er mikilvægt að samskipti milli heimilis og skóla séu greið og að mál sem upp kunna að koma verði leyst fljótt og vel í sameiningu, hvort sem er með tölvupósti, símtölum eða fundum.

Veikindi eru tilkynnt í gegnum mentor, tilkynna þarf veikindi fyrir hvern þann dag sem barn er fjarverandi úr skólanum. Umsjónarkennari getur gefið leyfi til tveggja daga en sé óskað eftir lengra leyfi þarf að sækja um það skriflega til skólastjórnenda.

Óskað er eftir að skilaboð berist fyrir kl. 8:30 á morgnana en ekki er hægt að treysta á að kennari sjái tölvupósta sem berast eftir þann tíma fyrr en eftir kennslu. Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara. Heimsóknir foreldra í skólastofur skulu ávallt vera í samráði við kennara.

Á skólaárinu verður einstökum verkefnum nemenda safnað í svokallaða safnmöppu. Hún verður send heim í nokkur skipti yfir veturinn. Markmiðið er að auðvelda forráðamönnum að fylgjast með námi og framförum

barnsins.

## Lýsing á starfinu í árganginum

### Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 47 nemendur í þremur umsjónarhópum. Hóparnir blandast þvert á árganginn og er skipt upp nokkrum sinnum yfir skólaárið. Nemendur fara í sund í þremur hópum, eru í fjórum hópum í smiðjum (myndmennt, smíði, heimilisfræði og sköpun) en allir nemendur fara á sama tíma í íþróttir. Sund- og smiðjuhópar haldast óbreyttir allt árið. Gera má ráð fyrir að nemendur vinni í öðrum og fjölbreyttum hópum í hringekjum og þemavinnu eftir því sem við á hverju sinni.

### Kennslustundir og námsgreinar

#### Helstu viðfangsefni nemenda

Megináhersla er lögð á íslensku og stærðfræði. Helstu viðfangsefni í íslensku eru málfræði, ritun, stafsetning, lestur, orðaforði og lesskilningur. Í stærðfræði er lögð áhersla á samlagningu og frádrátt, margföldun og deilingu, ummál og flatarmál, tíma og mælingar og að lokum almenn brot. Tekin verða fyrir nokkur þemaverkefni í samfélags- og náttúrufræði og þau sambætt öðrum námsgreinum. Í ensku er lögð áhersla á að skilja einfaldar setningar og hugtök ásamt töluðu máli. Í upplýsingartækni þjálfast nemendur í að nota tölvur en hingað til hafa þeir að mestu unnið á iPad.

Á vikulegum stofufundum fá nemendur tækifæri til að tjá hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar og setja þær fram á þann hátt sem við á hverju sinni. Á stofufundum leggjumst við á eitt við að leysa mál sem eru okkur hugleikin ásamt því að þjálfva okkur í að hrósa hvert öðru og tjá þakklæti.

### Unnið með góð samskipti

Eftirfarandi kemur fram í samskiptasáttmála Garðabæjar og við í 4. bekk vinnum eftir honum.

---

#### Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga-/bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna fyrir forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarsamtalir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

---

#### Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjartengingur eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

---

#### Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
  - Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu nemendahópsins í nóvember og mars ár hvert.
-

### Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.
- Börn fá fræðslu um hugtökin einelti, stríðni og samskiptavandi og munin góðum og slæmum samskiptum.
- Unnið er með netsáttmálann frá SAFT í nóvember.

### Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Fræðsla fyrir forráðafólk um samskipti barna og hvernig hægt er að takast á við samskiptamál.
- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

### Fyrirkomulag stofufunda

Stofundir verða haldnir að minnsta kosti einu sinni í viku, oftast ef þörf krefur. Á stoffundum setjast kennari og nemendur saman í hring og ræða fyrir fram ákveðin mál sem eru ýmist valin af kennara eða í samvinnu við nemendur. Áhersla verður lögð á samskipti og að nemendur öðlist færni í að sýna hver öðrum virðingu og samkennd.

### Vinna með skólareglur

Unnið verður samræmt með skólareglur og eftirfarandi eru þau tímabil sem hver regla verður tekin fyrir.

Skólareglur Flataskóla áætlun skólaárið 2024-2025					
Allar skólareglur kynntar í ágúst. Eftir það er unnið með eina reglu á mánuði með <b>samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun</b> að leiðarljósi.					
<b>September</b>		<b>Október</b>		<b>Nóvember</b>	
<i>Markmið menntunar</i>		<i>Virðing fyrir skoðunum annarra</i>		<i>Vernd gegn ofbeldi</i>	
2.-6.sept. 9.-13. Sept. 17.-20.sept. 23.-30.sept.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	30.sept-4.okt. 7.-11.okt. 14.-18.okt. 21.-25.okt.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	4.-8.nóv. 11.-15.nóv. 18.-22.nóv. 25.-29.nóv.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum
<b>Desember</b>		<b>Janúar</b>		<b>Febrúar</b>	
<i>Öll börn eru jöfn</i>		<i>Frelsi til að deila hugmyndum sínum</i>		<i>Heilsuvernd, vatn, matur, umhverfi</i>	
2.-5.des. 9.-13.des. 15.-20.des.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	6.-10.jan. 13.-17.jan. 20.-24.jan. 27.-31.jan.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	3.-7.feb. 10.-14.feb. 24.-28.feb.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.
<b>Mars</b>		<b>Apríl</b>		<b>Mái</b>	
<i>Hvöld, leikur, menning, listir</i>		<i>Nafn og ríkisfang</i>		<i>Félagafrelsi</i>	
3.-7.mars 10.-14.mars 17.-21.mars 24.-28.mars	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum	1.-4.apríl 7.-11.apríl 22.-30. apríl	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	5.-9.mai 12.-16.mai 19.-23.mai 26.-30.mai	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bætum okkur ef við þurfum













## Stundaskrá

Flataskóli 2024 - 2025

4. bekkur

stofur N 213 / 215 / 219

Menntun - Árangur - Ánægja

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	
8:30 - 8:50	Morgunsamvera		Morgunsamvera	Heimastofa	Heimastofa	
8:50-9:10	Heimastofa	Heimastofa	Íþróttir 	sund/heimastofa 	Nesti	
9:10-9:30			Heimastofa	Höfrungar 8:50 	Smíðjur 	
9:30-9:50				Krossfiskar 9:30 		
9:50-10:10	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti		
10:10 - 10:30	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	
10:30 - 10:50	Íþróttir 	Heimastofa	Heimastofa	Selir 10:30 	Tónmennt BS 	
10:50 - 11:10	Heimastofa	Smíðjur 		Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa RG/NK
11:10-11:30						Tónmennt RG 
11:30 - 11:50					Heimastofa BS/NK	
11:50 - 12:10	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:10 - 12:30	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	
12:30 - 13:10	Heimastofa	Tónmennt NK  Heimastofa BS/RG	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	
13:10 - 13:30						

Umsjónarkennarar: Bryndis (bryndisstef@flataskoli.is), Nina (ninakris@flataskoli.is), Ragna (ragnag@flataskoli.is)

Smíðja: Linda, Rut, Sveinbjörg og Helga K. Íþróttir: Atli, Hannes og Gurrý. Sund: Atli og Hannes. Tónmennt: Erla Björg.

### Heimanám

Heimanámið í fjórða bekk er í grunninn lestur en önnur verkefni gætu farið heim stöku sinnum. Regluleg og markviss þjálfun skiptir sköpum þegar kemur að lestri og samvinna heimilis og skóla er gríðarlega mikilvæg. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi heima 5 sinnum í viku í um 15 mínútur í senn. Æfingin skapar varanleika og því er mikilvægt að hlustað sé á börnin lesa af athygli og þau leiðrétt þegar á þarf að halda. Sá sem hlustar á barnið skráir fyrir lesturinn í kvittanahefti. Ef nemendur og/eða forráðamenn óska eftir auknu heimanámi munu umsjónarkennarar aðstoða við útfærslu á því hverju sinni.

### Náms og skemmtiferðir

Nærumhverfi skólans verður kannað og meðal annars farið í gönguferðir um bæinn og bókasafnið heimsótt. Í febrúar fara nemendur á sínfóniútónleika í Hörpu og hlusta á *Ævintýrið um Eldfuglinn*, farið verður í vetrarferð í Bláfjöll og í Hellisgerði í vor. Stefnt er á fleiri menningarferðir í vetur, m.a. heimsókn á Hönnunarsafnið.

### Vinabekkir

4. og 7. bekkur eru vinabekkir og ætla þeir að hittast tvisvar á hvorri önn. Á haustönninni verður einu sinni farið út í leiki og einnig verður fönndrað fyrir jólin. Á vorönninni verður spilastund og farið út í leiki þegar hlýna fer í veðri.

### Skólasókn og viðbrögð

Unnið er skv. samræmdu ferli Garðabæjar ef skólasókn nemenda verður ófullnægjandi.

# Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtíma veikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarjösi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
<b>2-7 fjarvistir</b> Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	<b>10 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Aætlun um námsfravindi umsin í samskiptum.
<b>8-14 fjarvistir</b> Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólalærmannum ef ástæða þykir til.	<b>15 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari upplýsir skólalærmann um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsfravindi.
<b>15-20 fjarvistir</b> Máttu er vísað til umræðu í nemendavendunarráði.	<b>20 dagar eða fleiri</b> Skólalærmanni boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendavendunarráði.
<b>21 eða fleiri fjarvistir</b> Tilkypping send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	<b>Engin breyting til batnaðar á skólasókn</b> Tilkypping send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólans.



## Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkyppingar um forföll nemenda](#)

[Skráning í hádegismat nemenda](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkyppingar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda.



## Námsáætlun skólaársins

### Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmiði í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

### Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlunir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Nemendum er aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Nemendum er gefin markviss endurgjöf í öllu námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

### Skipulag kennslunnar

Litið er á alla nemendur í 4. bekk sem einn hóp sem eru í þremur hópum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um markmið námsins og hvaða viðmið eru sett til að auka líkur á góðum árangri. Í Flataskóla er notað leiðsagnarmat og fá nemendur reglulega endurgjöf í námsferlinu og þeim er gert ljóst hvernig þeir komast þangað sem þeir stefna. Litið er á mistök sem lærdómstækifæri og nemendum er alltaf gert kleift að bæta sig.

Verkefni eru fjölbreytt og vinna nemendur bæði einstaklingsverkefni, paraverkefni og hópverkefni, unnið er bæði í stærri og smærri hópum til dæmis í hringekjum og þemaverkefnum en þau verða reglulega þar sem unnið verður með samþættingu námsgreina. Sessunautar eru námsfélagar og breytast reglulega, þeir hjálpa hver öðrum þegar svo ber undir og þjálfast í því að vinna með hverjum sem er.

### Námsáætlun

Lykilhæfni
------------

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<b>Tjáning og miðlun</b> Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt	Talað mál og hlustun	Stofufundur, úrlausnir vandamála, hópverkefni
Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum	Talað mál og hlustun	Stofufundur, úrlausnir vandamála, hópverkefni
<b>Skapandi og gagnrýnin hugsun</b> Tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur	Námsmat	Verkefnagerð og samtal um það sem ætlast er til, leikreglur
Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausnir verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt	Úrlausnir verkefna, hugarfar	Leikir, verkefni og þrautir
Greint á milli staðreynda og skoðana	Umræður	Skoðanakannanir, fréttir
<b>Sjálfstæði og samvinna</b> Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum	Styrkleikar	Styrkleikaspjöld, umræður
Unnið eftir fyrirætlum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.	Fyrirmæli, sjálfstæði, vinnubrögð	Vönduð vinnubrögð í ýmiskonar verkefnum þvert á námsgreinar
Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi	Samkennd og sjálfstæði	
Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt	Leiðsögn og sjálfstjórn	Sjálfsmat í verkefnum, horfa inn á við
<b>Nýting miðla og upplýsinga</b> Leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum	upplýsingaöflun	endurgjöf
Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar	ábyrg netnotkun	fjölbreyttir miðlar
<b>Ábyrgð og mat á eigin námi</b> Sett sér, með aðstoð, markmið í námi	markmiðasetning	Netsáttmáli SAFT
		Umræður um markmiðasetningu og verkefnavinna

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b> Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.</p>	<p>Framsögn, leikræn tjáning. Hlustun, virk þátttaka</p>	<p>Nemendur setja upp stutta leikþætti Þjálfalestur í lestri</p>
<p>Beitt skýrum og áheyrilegum framburði</p>	<p>Framsögn</p>	<p>Sögustund, lestur, framkoma á sal</p>
<p>Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.</p>	<p>Umræður, ritun, virk hlustun</p>	<p>Skrifa um upplifun t.d. eftir morgunsamveru eða heimsókn í Sinfóníuna</p>
<p><b>Lestur og bókmenntir</b> Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.</p>	<p>Rafrænt námsefni</p>	<p>Sögugerð</p>
<p>Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.</p>	<p>Lestur, yndislestur</p>	<p>Sögustund, umræður í hópum</p>
<p>Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</p>	<p>Lesskilningur</p>	<p>Lesnir textar og spurningar og verkefni úr þeim</p>
<p>Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu</p>	<p>Sögugerð</p>	<p>Nemendur lesa sögu og greina persónur og söguuppbyggingu.</p>
<p>Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.</p>	<p>Ljóð</p>	<p>Ljóðalestur og ljóðagerð</p>
<p>Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.</p>	<p>Heimildaöflun/upplýsingaleit</p>	<p>Nemendur finna upplýsingar á Netinu, í bókum, blöðum o.fl.</p>
<p><b>Ritun</b> Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega</p>	<p>Korta og myndalestur</p>	<p>Nemendur lesa úr landakortum, götukortum og myndritum úr daglegu lífi.</p>
<p>Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.</p>	<p>skriftarþjálfun</p>	<p>Ritun og sögugerð, þjálfunaræfingar</p>
	<p>Sögugerð</p>	<p>Nemendur skrifa sögu með fyrirætlum, hugarkort til að búta niður hvern grunnþátt</p>

<p>Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.</p> <p>Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</p> <p>Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</p> <p><b>Málfræði</b> Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p>Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.</p> <p>Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.</p> <p>Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.</p>	Sögugerð	Nemendur skoða hvernig texti er mismunandi í bókum, tímaritum, rafrænu efni o.s.frv
	Textagreining	Nemendur vinna ritvinnsluæfingar. Nemendur læra helstu skipanir í ritvinnsluforritum.
	Ritvinnsla	Nemendur skrifa sögur/texta og lesa upp fyrir samnemendur sína.
	Orðavinna	Orðaleikir, orðskýringar
	Ritun og upplestur	Nemendur læra einkenni helstu orðflokka, skoða texta og greina.
	Orðflokkar	Nemendur læra hver eru einkenni fyrirmyndarmálsgreinar og æfa sig í ritun slíkra.
	Ritun	Nemendur fá ýmis verkefni, þrautir og leiki í orðavinnu.
	Orðavinna	Nemendur vinna verkefni þar sem rétt og röng íslenska er rituð.

Stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</p> <p>Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og</p>	Tölfræði	Nemendur læra að lesa úr einföldum myndritum og töflum. Nemendur

<p>myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.</p> <p><b>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b> Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.</p> <p>Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.</p> <p>Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</p> <p><b>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b> Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.</p> <p>Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.</p> <p>Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.</p> <p><b>Tölur og reikningur</b> Notað tugakerfisríthátt.</p> <p>Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.</p> <p>Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni,</p>	<p>Aðgerðir</p> <p>Samræður</p> <p>Stærðfræðigögn</p> <p>Rannsóknarvinna</p> <p>Samræður</p> <p>Framsögn</p> <p>Tugakerfi</p> <p>Aðgerðir</p>	<p>læra líka að útbúa eigin myndrit út frá upplýsingum.</p> <p>Nemendur æfa sig í samlagningu, frádrætti, deilingu og margföldun. Nemendur þjálfast einnig í að tengja og vita hvenær þau nota hvaða merki og skoða daglegar aðstæður þar sem slíkt getur komið upp.</p> <p>Nemendur fá tækifæri til að ræða um og útskýra fyrir samnemendum sínum og kennara niðurstöður og aðferðir í stærðfræði.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í að nota þau gögn sem þau þurfa í hvert skipti.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í að nota þau gögn sem þau þurfa í hvert skipti.</p> <p>Nemendur geti rætt og útskýrt fyrir samnemendum sínum og kennara um niðurstöður og aðferðir í stærðfræði.</p> <p>Nemendur geti kynnt fyrir samnemendum sínum og kennara um niðurstöður og aðferðir í stærðfræði.</p> <p>Nemendur þjálfast í að greina tölur í tugakerfishætti.</p> <p>Nemendur æfa sig í samlagningu, frádrætti, deilingu og margföldun.</p>
---	---	---

<p>tölvuforritum og skriflegum útreikningum.</p> <p>Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.</p> <p><b>Algebra</b> Funduð lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.</p> <p>Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.</p> <p>Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.</p> <p>Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</p> <p><b>Tölfræði og líkindi</b> Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.</p> <p>Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.</p> <p>Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.</p>	<p>Stærðfræði í daglegu lífi.</p> <p>Hlutföll og brot</p> <p>Jöfnur</p> <p>Mælingar</p> <p>Rúmfræði.</p> <p>Hliðrun</p> <p>Tölfræði</p> <p>Tölfræði</p> <p>Líkur</p>	<p>Nemendur þjálfast einnig í að tengja og vita hvenær þau nota hvaða merki og skoða daglegar aðstæður þar sem slíkt getur komið upp.</p> <p>Nemendur skoða ýmislegt í daglegu lífi sem tengist hlutföllum og brotum og þjálfast í að finna hlutföll af heild.</p> <p>Nemendur læra að lesa út úr jöfnum með táknum, bókstöfum o.fl. Einnig þurfa nemendur að geta rökstutt niðurstöður.</p> <p>Nemendur þjálfast í notkun mælieininga eins og kg, L, m o.fl. Nemendur áætla og nota síðan ýmis hjálpargögn við að mæla.</p> <p>Nemendur kynnast því hvað rúmfræði og rúmmál er og gera tilraunir með hlutbundin gögn eins og ýmis ílát.</p> <p>Nemendur gera tilraunir með myndir sem þeir þekja, hliðra og spegla.</p> <p>Nemendur safna upplýsingum í töflu, setja upp myndrit og lesa úr niðurstöðum.</p> <p>Nemendur ræða og útskýra niðurstöður myndrita.</p> <p>Nemendur vinna líkindaverkefni.</p>
---	--	--

Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnugt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni.	Hlustun	Hlusta á frásagnir eða horfa á myndbönd og bregðast við ýmist skriflega eða munnlega.
Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnugt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.		Hlusta á upplestur texta, fylgjast með, lesa í hljóði og rýna í lesefni eða orðalista til að leita eftir svörum og lausnum verkefna
Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.	Lesskilningur	Nemendur lesa ólíkan texta eða lesefni, eins og bækur, fréttir, viðtöl o.s.frv. og geta dregið út aðalatriðin.
Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	Samskipti	Nemendur búa til einfaldar spurningar og spyrja námsfélaga sinn.
Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.		
Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.	Frásögn	Nemendur æfa sig í töluðu máli t.d. með því að bregðast við ýmsum spurningum frá námsfélaga og með því að búa til kynningu um sig. Glósur og gátlistar notaðir til stuðnings.
Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.		
Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.	Ritun	
Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.		Nemendur skrifa texta með stuðning af glósum og gátlistum.
Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.	Menningarlæsi	Nemendur kynna sér staðsetningu málsvæða, staðhætti og vinsæla ferðamannastaði.
Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar		

<p>menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.</p> <p>Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p> <p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p> <p>Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p>	<p>Námshæfni</p>	<p>Nemendur finna orð á ensku og tengja þau við lík íslensk orð.</p> <p>Nemendur vinna ýmis verkefni í pörum eða hópum þar sem verður lögð áhersla á að borin sé virðing fyrir námsfélögum.</p> <p>Nemendur læri að nýta sér ýmis verkfæri eins og orðabækur eða aðrar upplýsingar á netinu til þess að afla sér upplýsinga</p>
--	------------------	---

### Samfélagsfræði

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.	Virðing og umhyggja	Námsleikir þar sem nemendur læra um hvað er líkt og ólíkt með þeim
Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.	Trúarbrögð	Ólík verkefni sem tengjast trúarbrögðum í nærsamfélaginu
Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.	Landafræði	Nemendur vinna verkefni þar þeir bera Ísland saman við Norðurlöndin, hvað er líkt og ólíkt.
Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.	Upplýsingaöflun	Nemendur vinna ýmis verkefni sem tengjast samfélaginu.
Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.	Landakort	Nemendur læra að nota landakort og ýmis hugtök, t.d. mælikvarði og hæðarlínur.
Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrir og nú.	Landafræði	Nemendur taka þátt í umræðum um hvernig íslenskt samfélag hefur þróast.



<p>Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.</p> <p>Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.</p> <p>Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.</p>	<p>Trúarbrögð</p> <p>Trúarbrögð</p> <p>Öryggi í umhverfinu</p>	<p>Nemendur vinna verkefni um siði og venjur ólíkra trúarbragða.</p> <p>Verkefni úr verkefnabók um siði og venjur ólíkra trúarbragða.</p> <p>Nemendur lesa um ýmsar hættur sem leynast í umhverfinu og koma með leiðir að úrbótum á skólalóð.</p>
---	--	---

### Samfélagsfræði

Hugarheimur- Sjálfmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.	Jákvæð viðhorf og gildi	Umræður um áhrif þess að hafa jákvætt viðhorf til ýmissa hluta og mikilvægi þess að hafa gildi sem maður lifir eftir t.d. í samskiptum við fólk.
Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.	Styrkleikar	Nemendur vinna verkefni um styrkleika sína.
Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.	Tilfinningar og sjálfmynd	Unnið með persónur úr teiknimyndinni <i>Á röngunni</i> ásamt því að kenna nemendum að átta sig á því hvað vekur upp ýmsar tilfinningar hjá þeim og hvernig á að ná stjórn á þeim.
Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.	Mannlíkaminn	Nemendur gera lífstílskönnun og ræða saman um niðurstöður.
Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.	Áreiti í umhverfinu	Nemendur læra um mismunandi tegundir af áreiti í umhverfinu sem geta haft áhrif á skap þeirra og hvaða leiðir sé hægt að fara til að lámarga það.
Sett sig í spor annarra jafnaldra.	Setja sig í spor	

		Umræður og dæmisögur sem hjálpa nemendum að setja sig í spor og skilja hvort annað betur.
--	--	---

## Samfélagsfræði

Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.	Samræður og samstarf	Samvinna með ýmis verkefni og umræður m.a. um viðfangsefni úr Halló heimur
Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Trúarbrögð	Nemendur vinna verkefni um það sem skiptir þau mestu máli og bera saman.
Hlustað á og greint að ólíkar skoðanir.	Hlustun og samskipti	Nemendur læra að bregðast við og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum.
Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.	Umræður	Nemendur bregðast við ýmsum umræðuefnum t.d. úr Halló heimur
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Samskipti og samvinna	Nemendum er leiðbeint með hvernig komið er fram við aðra þegar kemur að samskiptum og samvinnu
Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.	Afleiðingar athafna	Nemendur vinna verkefni þar sem þau útlista misjafnar leiðir til að bregðast við ólíkum aðstæðum.

## Náttúrufræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	Umhverfisvernd	Umræður og verkefni um leiðir til úrbóta sem hjálpa í nánasta umhverfi.
Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.	Öryggi í umhverfinu	Nemendur leggja mat á ástand leiktækja á skólalóð.

Gerði athugasemd [EK1]: Þið segið að þetta sé í vinnslu- á kannski bara eftir að stroka það út?

Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.	Hugtakavinna	Nemendur læra ný hugtök og hvernig hægt er að nota þau í einföldum textaskrifum.
Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.	Einfaldar athuganir	Nemendur framkvæma ýmsar athuganir sem tengjast krafti og hreyfingu og segja frá því sem gerist.
Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Upplýsingaöflun	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem þau leita svara ýmist í bókum eða á netinu.
Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.	Athuganir og skýrslugerð	Nemendur gera ýmsar athuganir og læra að skrá niðurstöður með mismunandi leiðum.
Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.	Hlustun og samræður	Námsfélagar ræða ýmis viðfangsefni sem tengjast náttúrufræðinni.
Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspieli náttúru og manns.	Samspil náttúru og manns	Umræður um áhrif athafna á náttúruna.
Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Öryggi í umhverfinu	Nemendur leggja mat á ástand leiktækja á skólalóð.
Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.	Landafræði	Ýmis verkefni úr vinnubók um myndun landsins og breytingar.
Lýst landnotkun í heimabyggð.	Landbúnaður	Umræður um ræktun matjurta á Íslandi.
Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans.	Mannslíkaminn	Ýmis verkefni sem tengjast líkamsstarfsemi, staðsetningu líffæra og vöðva.
Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.	Mannslíkaminn	Umræður og verkefni um hreyfingu, svefn og geðrækt.
Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda.	Fæða og fæðukeðjur	Umræður og verkefni um matvælaframleiðslu.
Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.	Kraftur og hreyfing	Umræður um krafta og hreyfingu sem nemendur kannast við úr daglegu lífi.
Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum		Umræður um fæðuflokkana.

flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.	Fæða og fæðuhringurinn	
---	------------------------	--

Upplýsinga- og tæknimennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<b>Vinnulag og vinnubrögð</b> Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.	Námsefni	Nemendur þjálfist í að nota rafrænt námsefni eins og bækur, þjálfunarforrit o.fl. í námi.
Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækniþúnaði.	Tækniþúnaður	Nemendur kynnist ýmsum leiðum við notkun tækniþúnaðar eins læri að nota tækin á eins fjölbreyttan máta og hægt er.
Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.	Fingrasetning	Nemendur vinna fingrasetningaæfingar.
<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b> Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.	Heimilda- og upplýsingaleit	Nemendur leita að upplýsingum á netinu og læra að ekki má afrita texta til þess að nota í verkefnum.
Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.	Námsefni	Nemendur þjálfist í að nota rafrænt námsefni eins og bækur, þjálfunarforrit o.fl. í námi.
Unnið með heimildir.	Heimilda og upplýsingaleið	Nemendur leita að upplýsingum á netinu og læra að ekki má afrita texta til þess að nota í verkefnum.
Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	Forrit/hugbúnaður	Nemendur læra á ritvinnslu, reikni- og kynningarforrit til þess að setja fram verkefni.
<b>Tækni og búnaður</b> Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.	Forrit/hugbúnaður	Nemendur læra á ýmis forrit til þess að setja fram verkefni.
Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.	Forrit/hugbúnaður	Nemendur læra á ýmis forrit til þess að setja fram verkefni.
<b>Sköpun og miðlun</b> Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.		Nemendur læra á forrit sem hjálpar þeim að miðla þekkingu
<b>Siðferði og öryggismál</b>		

<p>Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.</p>	<p>Forrit/hugbúnaður</p> <p>Öryggi</p>	<p>Nemendur læra um öryggi á netinu, hvað sé í lagi, hvað ekki og hvar ýmsar hættur leynast í netnotkun.</p>
---	--	--

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>-valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan</p> <p>-farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld</p> <p>-sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi</p> <p>-farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif</p> <p>- skilið einfaldar umbúðamerkingar</p> <p>- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</p>	<p>- hráefni valin með hollustu og fjölbreytni að leiðarljósi Fæðuhringurinn</p> <p>-fylgja uppskriftum og þjálfast í að nota einföld mæli- og eldhúsáhöld</p> <p>-helstu hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi</p> <p>-handþvottur</p> <p>-svuntur</p> <p>-hrein áhöld</p> <p>-hreint vinnusvæði</p> <p>-lesa á umbúðir algengra matvæla</p> <p>- Viðhafa góða borðsiði</p> <p>Fræðast um helstu hátíðir Íslendinga</p>	<p>-umræður um viðfangsefnið - unnið með fjölbreyttan og hollan mat</p> <p>-nem. hjálpast að við að lesa og fara eftir einföldum uppskriftum</p> <p>-nota mæli- og eldhúsáhöld við verkefni</p> <p>-fræðast um þær hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi</p> <p>-handþvottur og svuntur</p> <p>-snyrtileg vinnubrögð</p> <p>-nem. læra að vaska upp og þrifa vinnusvæði sitt</p> <p>-læra að lesa úr umbúðamerkingum algengra matvæla</p> <p>- viðhafa góð og jákvæð samskipti við borðhald</p> <p>-fræðast og ræða um helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</p>

Tónmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir

<p>þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun,</p> <p>greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna,</p> <p>• leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri,</p> <p>tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt,</p> <p>greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög),</p> <p>• rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.</p>	<p>Hljóðfærakynning, leikur á helstu skólahljóðfærin og hlustun á margvísleg tónverk.</p> <p>Hlustun og söngur</p> <p>Hljóðfæraleikur og rythmakennsla</p> <p>Tónsköpun</p> <p>Hlustun og fræðsla um mismunandi tónlistarstíla</p> <p>Samræður, hlustun og tjáning</p>	<p>Nemendur fá þjálfun í að spila á einstaka hljóðfæri s.s. hristur, trommur og stafi. Þeir fá kynningu á helstu strengja-, blásturs-, og slagverkshljóðfærum og þjálfun í að greina þau í hlustun á margskonar tónverk og tónsköpun.</p> <p>Nemendur hlusta á mismunandi raddgerðir og fá þjálfun í greina þær með t.d hlustun á kórverk og einstaka raddtýpur. Nemendur fá leiðsögn í söng og túlkun, læra margvísleg sönglög og texta og taka þátt í samsöng í bæði minni og stærri hópum.</p> <p>Nemendur fá grunnkennslu í rythma og þjálfast í að halda stöðugum takti og leika einfaldar hrynur á einföld skólahljóðfæri. Nemendur læra og fá þjálfun í að að spila einföld stef á t.d tréspil.</p> <p>Nemendur fá að spreyta sig á að búa til eigið tónverk/hljóðverk og flytja fyrir og með samnemendur sínum.</p> <p>Fræðsla um mismunandi tónlistarstíla og þjálfun í greiningu á þeim með hlustun og umræðum.</p> <p>Nemendur taka þátt í umræðum, fá að velja segja frá sinni upphaldstónlist og deila með samnemendum sínum.</p>
--	--	--

<b>Sjónlistir</b>		
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Viðfangsefni</b>	<b>Leiðir</b>
<p>Pekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins. Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.</p> <p>Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. Gengið frá eftir vinnu sína</p>	<p>Louisa Matthiasard. Listakona og hennar yrkisefni</p> <p>Gera myndverk með ólíkum aðferðum.</p> <p>Hugtök greinarinnar.</p>	<p>Skoðum verk listakonunnar og endurgerum þau með okkar nefi.</p> <p>Gerum myndverk og notum til þess nokkrar ólíkar aðferðir og efni.</p> <p>Tölum um hugtökin samsíða verkefninu</p>

<b>Hönnun og smíði</b>		
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Viðfangsefni</b>	<b>Leiðir</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar</li> <li>• valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki</li> <li>• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með</li> <li>• framkvæmt einfaldar samsetningar</li> <li>• beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar</li> </ul>	<p>Hugmyndavinna</p> <p>Efni og verkfæri</p> <p>Nýting efniviðar</p> <p>Samsettir hlutir</p> <p>Vinnustellingar</p>	<p>Nemandi þjálfast í hugmyndavinnu og samsetningu með því að þurfa að tala við aðra nemendur um sinn þorpsreit og passa upp á að hann passi við verkefni annarra.</p> <p>Nemandi þjálfast í skissuteikningu þegar hann þarf að skissa upp hugmynd að götu/gatnamótum, staðsetningu húss, tjarnar, bílastæðis o.fl. á tréplötu.</p> <p>Nemendur læra að hugsa um tæknifyrirbrigði með því að þurfa að ákveða hvað á heima í þorpinu – hvað þarf að vera í þorpi (sjúkrahús, matvöruverslun,</p>

		<p>hleðslustöðvar fyrir bíla? ...o.fl.)</p> <p>Nemendur læra að sýna góða nýtingu efnis með því að leita sjálf að kubbum til að nota í verkefni sitt (hús, bíll o.fl.) og fara sparlega með málningu og einnig að endurnýta ýmislegt sem innan heimilis gæti talist sem rusl.</p> <p>Nemandi lærir að meta góð vinnubrögð með því að meta eigið verk í samræmi við eigin getu og að skila ekki verkefni eingöngu til að klára. Betra er óklárað vandað verkefni en klárað flýtiverkefni</p> <p>Nemendur þjálfast í að nota réttar og skynsamar vinnustellingar við vinnu sína - þar sem beiting líkamans skiptir máli fyrir betri vinnubrögð og öruggara vinnuumhverfi.</p> <p>Nemendur þjálfast í notkun ákveðinna verkfæra eins og sandpappírs, málbands, límbyssu og hamars.</p> <p>Nemendur vinna með greni og furu í verkefnum sínum en að auki vinna nemendur með endurunninn efnivið frá heimili, sjálfharnandi leir, vatnsliti og akrílmálningu.</p>
--	--	--

#### Skólaíþróttir og sund

Hæfniviðmið - beint úr námskránni	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á þol.	Polæfingar	Þjálfar upp þol með hlaupæfingum, hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.
Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Lipurð og samhæfing	Kennsla í stöðvápjálfun og þrautabrotum. Æfingar á jafnvægislá, sipp og hinar ýmsu fimeikaæfingar.
Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.	Boltafærni	Kennsla og boltahæfni í hinum ýmsu boltaiþróttum. Boltæfingar við hæfi, kasta, gripa og knattrak.



<p>Tekið þátt í stöðluðum prófum.</p> <p>Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.</p> <p>Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.</p> <p>Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.</p>	<p>Stöðluð próf</p> <p>Sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund, skriðsund</p> <p>Hreinlæti</p> <p>Umgengnis- og öryggisreglur.</p>	<p>6 mín hlaupapróf og tímataka í 20m spretthlaupi. 25m bringusund viðstöðulaust. 12m skriðsund og 12m baksund.</p> <p>Kennsla í sundi, fótakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotnar upp og einnig æft í heild sinni.</p> <p>Rætt við nemendur ítrekað um mikilvægi almenns hreinlætis. Nemendur eiga að mæta með íþrótt og sundfatnað í kennslustundir. Fyrir og eftir sundkennslu eiga nemendur að fara í sturtu.</p> <p>Rætt reglulega við nemendur um umgengnisreglur í íþróttahúsi. Ákveðin áhöld í fimleikasal, virðingu við starfsfólk íþróttamiðstöðvar og mikilvægi hjóðvist í búingsklefa, sem og framkomu við samnemendur.</p>
---	--	--